

78
28. okt.

Samþykkt

um

kynbætur nautgripa í Svínavatnshreppi.

1. gr.

Enginn á samþyktarsvæðinu má nota önnur naut til undaneldis en þau, sem valin eru til þess af stjórn Búnaðarfjelags Svínavatnshrepps.

2. gr.

Búnaðarfjelinu skal skylt að sjá um, að hæfilega margir kyngóðir og að öðru vel hæfir graðungar sjeu ávalt til undaneldis fyrir sveitarbúa á sem hentugustum stöðum.

Stjórn Búnaðarfjelagsins hefir vald til að ákveða bolatoll. Einnig er henni heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 1. greinar, sje brýn þörf fyrir hendi.

3. gr.

Nú á einhver sveitarbúi graðung eða nautkálfi, er Búnaðarfjelið hefir óskað eftir til undaneldis, og er eiganda þá óheimilt að farga honum, án þess að gefa fjelaginu kost á að kaupa hann við því verði, er 2 dómkvaddir menn, kostaðir af Búnaðarfjelinu, meta.

4. gr.

Hverjum nauteiganda eða umráðamanni nauts er skylt að ábyrgjast að naut hans gjöri engan skaða utan lands þess, er hann ræður einn yfir, ella er honum skylt að bæta skaðann að fullu, þar á meðal kostnað, er leiða kann af handtöku nautsins og því að láta umráðamann þess vita um handtökuna, enda sje það gjört innan tveggja daga. Náist ekki samkomulag um skaðabætur samkvæmt þessari grein, skal umráðamanni nautsins skylt að hlíta mati þriggja óvilhallra manna, er hreppstjóri tilnefnir, og greiða skaðabæturnar, ásamt kostnaðinum við matið, innan 10 daga frá því það er birt honum.

5. gr.

Stjórn Búnaðarfjelags Svínavatnshrepps skal hafa eftirlit með því, að samþykkt þessi sje haldin. Kostnað, er af því flýtur, greiðir Búnaðarfjelið.

Fari svo, að Búnaðarfjelið verði lagt niður, hverfa skyldur og rjettindi þess undir hreppsnefnd Svínavatnshrepps.

6. gr.

78

Brot móti samþykkt þessari varða sektum frá 5—50 krónum, er renni í 28. okt. sveitarsjóð Svínavatnshrepps.

7. gr.

Með brot gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. desember 1922 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. okt. 1922.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Auglýsing

79

15. nóv.

um

breyting á konungsúrskurði 12. febr. 1917, um skifting mála milli deilda stjórnarráðs Íslands, sbr. konungsúrskurð 9. desbr. 1921.

Samkvæmt 1. gr. laga, 2. janúar 1917, um breytingu á lögum nr. 17, 3. október 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, og eftir þegnlegum tillögum forsætisráðherrans, hefir Hans hátign konunginum, 6. þ. m., allramildilegast þóknast að ákveða þá breyting á konungsúrskurði 12. febrúar 1917, um skifting mála milli deilda stjórnarráðs Íslands, sbr. konungsúrskurð 9. desbr. 1921, að forsætisráðherra undirskrifi með konungi skipunarbrjef fyrir hinum æðstu embættum, svo sem hæstarjettardómara, biskups, landlæknis, síma-
stjóra, og undirriti ennfremur skipunarbrjef fyrir bankastjórastöðunum, bæði í Landsbankanum og Íslandsbanka.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Forsætisráðherrann, 15. nóvbr. 1922.

Sig. Eggerz.

Sigfús M. Johnsen.